



Upplýsingar um kaupverð bæjarins á nokkrum fasteignum.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Dómsmálaráðherra – Utanríkisráðherra – Fasteignir – Kaupverð – Kirkjustræti 4 – Tjarnargata 11 – Vesturgata 9 – Þingholtsstræti 29 – Reykjavík - 1953

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-14, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30. marz 1953.

TJ/HT

B/127.

Þér hafið beðið um upplýsingar um kaupverð bæjarins á fasteignumum Kirkjustræti 4, Tjarnargötu 11 og Vesturgötu 9.

Kirkjustræti 4. Skv. sérstöku yfirmati, dags. 4. desbr. 1951, greiddi bæjarsjóður kr. 380.000.00 fyrir 214 fern. lóðarinnar. Lóðin var alls 260 fern. Seljandi hélt 46 fern. til að leggja við Kirkjustræti 6. Kaupverð pr. fern. ca. 1.775 kr.

Tjarnargata 11 og 11 A. Þriðjungur eignarinnar keyptur 1. febr. 1952 fyrir kr. 444.000.00.

Brunabótamat húsa kr. 597.600 : 3 = kr. 199.200.00. Lóðarstærð talin 600 fern.: 3. Ef svo er litið á, að kaupverð húsanna sé hið sama og brunabótamat, þá má reikna kaupverð lóðarinnar kr. 444.000.00 ÷ kr. 199.200.00 = kr. 245.800.00, sem svarar til kr. 1.229.00 pr. fern.

Kaupverð þessarar eignar var greitt með skuldabréfum 6% láns bæjarins 1951, sem endurgreiðist með jöfnum árgreiðslum á 7 árum frá 1. júlí 1955. Fyrirframgreiddir vextir til 1. júlí 1954 einnig greiddir með skuldabréfum.

Vesturgata 9. Kaupsamningur dags. 9. júlí 1952. Kaupverð kr. 950.000.00. Kaupin samþykkt á þessum forsendum: Fasteignamat húss kr. 13.100.00. Brunabótaverð kr. 179.800.00. Lóðarstærð 723 fern. Kaupverð lóðar skv. því ca. 1.065 kr. pr. fern.

Greiðsla með 6% bréfum 1951, sbr. það er segir um Tjarn. 11.

Þingholtsstræti 29 A. Þerinn keypti þá eign með kaupsamningi, dags. 9. júlí 1952, fyrir kr. 1.500.000.00.

Brunabótaverð húsa kr. 948.600.00. Kaupverð lóðar skv. ofangreindri hugsun kr. 551.400.00. Lóðarstærð 1196 fern.; skv. því er

kaupverð pr. fern. 461 kr.

Þegar þessi kaup voru ráðin, var fengið mat byggingameistar-
anna Einaris Kristjánssonar og Jóns Bergsteinssonar á verðmæti húseign-
anna kr. 1.286.000.00
Girðing um lóð " 52.500.00
Lóðin (fullræktuð) " 167.000.00
Kr. 1.505.500.00

Samkvæmt þessu mati, sem var dags. 19. maí 1952, hefir bæjar-
sjóður keypt lóðina fyrir í hæsta lagi kr. 140.00 pr. fern., með trjá-
gróðri og öðrum gróðri þar.

Kaupverð var greitt þannig:

a. Með 6% skuldabréfum 1951 kr. 979.000.00
b. Yfirtekið 5% lán, sem hvílir á 1. veðrétti,
lántími 18 ár " 237.500.00
c. Greitt í peningum " 142.722.00
d. Kvittaðar skuldir seljanda við bæjarsjóð " 140.778.00
Kr. 1.500.000.00

Þetta bréf er skrifað, að ósk yðar, til afnota við matsgerð
á kaupverði lóðarspildu Suðurgötu 39, sbr. bréf mitt 25. þ.m.

Lóðarstærð Laugavegs 77: 298,7 fern.

Kvöð um gangréttindi á lóðinni.

(a. 400. þús.)

Hr. hrl. Lárus Jóhannesson,

Suðurgötu 4,

Reykjavík.